

FRÁ BÆJARSTJÓRA

Fjarnámssetur í Flugstöðinni

Stykkishólmsbær hefur samið við ISAVI um að nýta Flugstöðina fyrir starfsemi á vegum bæjarins.

Eins og þekkt er hafði Rannsóknarnefnd sjóslysa þar aðsetur en var með sérstakri löggjöf flutt til höfuðborgarinnar. Í Flugstöðinni er ágæt vinnuaðstaða og er stefnt að því að nýta húsnæðið í þágu bæjarbúa. Nemendur sem stunda fjarnám hafa verið á hrakningum á milli hús við ófullnægjandi aðstöðu. Vegna þess hefur verið ákveðið að setja upp **Fjarnámssetur í Flugstöðinni**. Þar hefur verið sett upp ágæt vinnuaðstaða með tölvutengingum og búnaði til að varpa upp kennslugögnum og fyrirlestrum svo sem nauðsynlegt er fyrir þá sem stunda fjarnám.

Þeir námsmenn sem þess óska geta fengið lykil að Fjarnámssetrinu hjá starfsmönnum Ráðhússins. Um leið og lykill er afhentur þarf hver nemandi að greiða kr. 20.000,- sem er ætlað að standa undir kostnaði við símalínur, gagnaflutningsbúnað, rafmagn og umsjón með húsnæðinu. Þegar lykli er skilað í loka annar að vori eru endurgreiddar kr.5.000,- sem er trygging fyrir því að lykli eða aðgangskorti verði skilað. Kostnaðarhlutdeild námsmanns í tvær annir er því kr. 15.000,-.

Þeir námsmen sem vilja skrá sig fyrir aðstöðu í Fjarnámssetrinu skulu gera það í síma 4338113 eða með því að senda beiðni á netfangið hermann@stykkisholmur.is . Umsjónarmaður húsnæðis Flugstöðvarinnar er Bergur Hjaltalín umsjónarmaður fasteigna Stykkishólmsbæjar.

Það er von bæjaryfirvalda að námsmenn geti nýtt þessa aðstöðu og það auðveldi þeim að stunda námið frá heimabyggð.

Sturla Böðvarsson bærarstjóri.

Haustönn 10.000 skilagjald á lykli 2.500

Vorönn 10.000 skilagjald á lykli 2.500